

REGLUGERÐ

um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.

1. gr.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir reglubundnu samráði og samstarfi við eftirtalin samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda um efnahags- og kjaramál með samráðsfundum og gagnkvæmri upplýsingamiðlun:

Alþýðusamband Íslands
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
Bandalag háskólamanna
Samband ísl. bankamanna
Stéttarsamband bænda
Samband ísl. sveitarfélaga
Vinnumálasamband samvinnufélaga
Vinnuveitendasamband Íslands

2. gr.

Af hálfu þeirra samtaka, sem reglubundið samstarf verður haft við samkvæmt þessari reglugerð skulu skipaðar sérstakar samráðsnefndir til beinna viðræðna við ríkisstjórnina. Samtökin skulu sjálf ákveða fjölda fulltrúa í samráðsnefnd sinni. Ríkisstjórnin tilnefnir af sinni hálfu þrjá fulltrúa til samráðsins.

Aðilar þeir, sem tilgreindir eru í 1. gr. skulu tilkynna forsætisráðuneytinu um fulltrúa sína í samráðsnefndunum. Forsætisráðherra felur starfsmanni forsætisráðuneytisins að hafa umsjón með og undirbúa, m. a. með aðstoð Þjóðhagsstofnunar, samráðsfundi, boða þá og stjórna þeim.

3. gr.

Samráðsfundur ríkisstjórnar og samráðsnefnda hinna einstöku samtaka skulu haldnir minnst einu sinni á ársfjórðungi.

4. gr.

Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lifeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.
2. Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.

3. Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, og launamála og efnahagsmála almennt.

5. gr.

Skipa má samstarfsnefndir með fulltrúum samtakanna í 1. gr. og ríkisstjórnarinnar til að vinna að einstökum málaflokkum milli samráðsfunda og til undirbúnings þeim.

6. gr.

Fyrir 15. október ár hvert skal forsætisráðherra kalla samráðsaðila til sam-eiginlegs fundar og leggja fyrir þá til kynningar og umfjöllunar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

Viðkomandi samtök tilnefna fulltrúa sína hverju sinni, en fulltrúafjöldi frá hverju samtakanna skal vera eftirfarandi:

Alþýðusamband Íslands 6 fulltrúar
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 1 fulltrúi
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja 2 fulltrúar
Bandalag háskólamanna 1 fulltrúi
Samband ísl. bankamanna 1 fulltrúi
Stéttasamband bænda 1 fulltrúi
Samband ísl. sveitarfélaga 1 fulltrúi
Vinnuálag samband samvinnufélaga 2 fulltrúar
Vinnuveitendasamband Íslands 5 fulltrúar

7. gr.

Samráðsfulltrúar skulu vera ólaunaðir, en allur kostnaður við undirbúning og vinnu fyrir samráðsfundi skal greiddast úr ríkissjóði.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13 10. apríl 1979 og öðlast gildi 15. október 1979.

Forsætisráðuneytið, 27. september 1979.

Ólafur Jóhannesson.

Björn Bjarnason.